



196. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 9. febrúar 2012 kl. 16:00.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Gústaf A. Hjaltason 1. varamaður, Garðar Svansson 2. varamaður, Gunnlaugur Júlíusson 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti.

1. Íþróttabókin – ÍSÍ, saga og samfélag í 100 ár

Formaður ritnefndar Íþróttabókarinnar, Stefán Konráðsson, og ritstjóri hennar, Steinar J. Lúðvíksson, afhentu forseta ÍSÍ fyrsta eintakið af Íþróttabókinni í afmælishófi ÍSÍ þann 28. janúar sl.

Vel þykir hafa tekist til með bókina og nú er unnið að því að koma henni í sölu. Öllum sambandsaðilum ÍSÍ hefur verið fært eintak að bókinni að gjöf.

Framkvæmdastjórn þakkar ritnefnd bókarinnar og öllum þeim sem að vinnslu hennar komu fyrir frábært starf.

2. Afmæli ÍSÍ

Afmælishóf ÍSÍ sem haldið var 28. janúar sl. í Ráðhúsi Reykjavíkur þótti hafa tekist afar vel en hófið sóttu um 300 manns. Framkvæmdastjórn þakkar starfsfólki og öllum þeim sem komu að undirbúningi og framkvæmd hófsins fyrir vel unnin störf.

Í tilefni af hátíðarfundum framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem haldinn var í fundarsalnum Bárubúð í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 28. janúar sl. var útbúið skjal, áritað af framkvæmdastjórn og gestum fundarins, ásamt mynd af hópnum. Skjalið hefur verið fjölfaldað og innrammað og munu þeir sem voru viðstaddir fundinn fá eintak af því til minningar um þennan viðburð.

3. Ólympísk verkefni

Ólympíuleikarnir í London 2012

Friðrik Einarsson fór yfir undirbúning fyrir leikana í London og stöðu mála varðandi hugsanlega þátttakendur á leikunum. Í undirbúningi er miðað við að allt að 29 keppendum á leikunum en enn sem komið er hafa einungis tveir keppendur tryggt sér þátttöku. Fundað er mánaðarlega með þeim sérsamböndum sem mögulega munu eiga keppendur á leikunum.

Brasov 2013 og Smáþjóðaleikar 2013

Undirbúningur er hafinn.

4. Úthlutun Ferðasjóðs íþróttafélaga

Helga Steinunn Guðmundsdóttir lagði fram tillögu að úthlutun úr Ferðasjóði íþróttafélaga og kynnti forsendur sem unnið var með að þessu sinni. Tillagan samþykkt.

Eins og áður hefur komið fram samþykkti framkvæmdastjórn að 3 m.kr. af framlagi ríkisins til sjóðsins færi til reksturs og umsýslu sjóðsins, skv. heimild í samkomulagi milli ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytis sem gildir um sjóðinn. Það verða því 51,1 m.kr. til úthlutunar vegna keppnisferða ársins 2011.

Stefnt er að úthlutun um miðjan febrúarmánuð.

Framkvæmdastjórn þakkar vinnuhópi um Ferðasjóð íþróttafélaga og starfsmanni sjóðsins fyrir góð störf.

5. Heiðranir

Samþykkt að veita Jóni Gunnlaugssyni fráfarandi stjórnarmanni Knattspyrnusambands Íslands Gullmerki ÍSÍ fyrir góð störf í þágu knattspyrnuíþróttarinnar.

6. Fundargerðir

Eftirtaldar fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 194. fundur framkvæmdastjórnar
- 195. fundur framkvæmdastjórnar - hátíðarfundur
- 3. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ frá 2. febrúar 2012
- Afreks- og ólympíusviðs ÍSÍ frá 31. janúar 2012
- Laganefnd frá 8. febrúar 2012 – **Samþykkt.**
- 576., 577. og 578. fundur Íslenskrar getspar
- 7. og 8. fundur Íslenskra getrauna

7. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið. Fundarmenn beðnir að skrá sig á þau þing sem þeir hafa hug á að sækja.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur verður haldinn fimmtudaginn 8. mars kl. 16:00.

9. Önnur mál

Fundur um afreksmál

Friðrik Einarsson skýrði frá því að haldinn yrði fundur um afreksmál 15. febrúar nk. með sérsamböndum ÍSÍ, þar sem kynntar verða nýjar reglur Afrekssjóðs ÍSÍ og Sjóðs ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna. Nýju reglurnar fela í sér að nú þurfa öll sérsambönd sem sækja um styrk úr sjóðnum að vera með afreksstefnu sem samþykkt hefur verið á ársþingi viðkomandi sambands.

Afmælisóskir

Helga H. Magnúsdóttir óskaði fundarmönnum til hamingju með aldarafmæli ÍSÍ en hún var fjarverandi á afmælisdaginn og gat því ekki tekið þátt í hátíðarhöldunum.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari